

## Fyrirspurn

til velferðarráðherra um heimilisofbeldi.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er háttáð skráningu mála vegna heimilisofbeldis?
2. Eru til samræmdar verklagsreglur innan félagsþjónustu og barnaverndar um viðbrögð og afgreiðslu mála vegna heimilisofbeldis? Ef ekki, er setning slíkra reglna fyrirhuguð?
3. Fyrir hvaða aðgerðum til að draga úr heimilisofbeldi hefur ráðherra beitt sér?
4. Er starfandi sérstakt fagteymi eða samráðsvettvangur aðila sem vinna í málaflokknum?
5. Hversu mörg tilvik heimilisofbeldis voru skráð á árunum 2003–2013 hjá lögreglu? Hversu mörg af þessum tilvikum leiddu til ákæru? Hversu margar ákæranna leiddu til sakfellingar, hversu margar til sýknu og hversu mörgum var vísað frá dómi?
6. Hversu oft hefur verið tekin ákvörðun um nálgunarbann frá því að það úrræði var lögleitt?

**Skriflegt svar óskast.**

